

# Sýn hf.

Samandreginn árshlutareikningur

1. janúar til 30. september 2019



# Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Fjárhagslegar lykiltölur	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Sýn hf. er alhliða félag á sviði fjarskipta- og fjölmiðlastarfsemi. Félagið rekur marga af öflugustu fjölmiðlum landsins eins og Stöð 2, Bylgjuna, Vísi, FM957, Xið og fleiri landsþekktu miðla. Félagið veitir einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og opinberum aðilum alhliða fjarskiptaþjónustu undir vörumerkjum Vodafone á Íslandi. Félagið á í fjölþættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims.

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfum sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn árshlutareikning félagsins og hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf. Árshlutareikningur Sýnar hf. fyrir 1. janúar til 30. september 2019 hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Meirihluti hlutafjár í P/F Hey var seldur í upphafi árs 2019. Hlutur Sýnar hf. (49,9%) í nýju sameinuðu félagi er færður samkvæmt hlutdeildaraðferð frá 1. janúar 2019. Hagnaður vegna sölunnar að fjárhæð 817 millj. kr. var færður á 1F 2019.

Sýn hf. hefur undirritað kaupsamning um kaup á öllu hlutafé í upplýsingatækifyrirtækinu Endor. Kaupsamningur er gerður með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Endor starfar aðallega á alþjóðlegum markaði í rekstri gagnavera. Félagið mun reka Endor í óbreyttri mynd sem dótturfélag og nýta stuðning og innviði Sýnar hf. og alþjóðlegar tengingar Endor í að styðja enn frekar við tekjustrauma félagsins.

## Rekstur og fjárhagsleg staða 1. janúar til 30. september 2019

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur félagsins af seldum vörum og þjónustu 14.876 millj. kr. Hagnaður af áframhaldandi rekstri félagsins á tímabilinu nam 384 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 30.062 millj. kr. Eigið fé félagsins þann 30. september 2019 nam 10.911 millj. kr. Þar af nam hlutafé 2.964 millj. kr. Eiginfjárhlutfallið 30. september 2019 var 36,3%.

## Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur Sýnar hf. í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfum sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 30. september 2019 ásamt rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2019.

Stjórn og forstjóri Sýnar hf. hafa í dag fjallað um samandreginn árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2019 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 6. nóvember 2019

## Í stjórn

Hjörleifur Pálsson, stjórnarformaður

Anna Guðný Aradóttir

Sigríður Vala Halldórsdóttir

Tanya Zharov

Yngvi Halldórsson

## Forstjóri

Heiðar Guðjónsson

## Fjárhagslegar lykiltölur

	2019 3F	2018 3F	2019 9M	2018 9M
Fjárhagsupplýsingar				
Heildartekjur	4.878	5.143	14.876	15.330
Rekstrarhagnaður	186	474	235	867
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	( 93)	262	269	318
Hagnaður (tap) tímabilsins	( 71)	207	384	249
Hagnaður (tap) á hlut af áframhaldandi starfsemi	( 0,25)	0,70	1,30	0,84
Fjárfestingar	303	474	1.416	1.745
Fjárfestingar í sýningarrétti	806	702	1.634	2.101
Handbært fé frá rekstri	1.235	1.185	3.424	3.331
Frammistöðumat				
EBITDA tímabilsins*	1.623	1.785	4.100	4.253
EBITDA hlutfall tímabilsins	33,3%	34,7%	27,6%	27,7%
Frjálst fjárflæði (FCF)**	435	159	1.113	( 23)
Hreinar vaxtaberandi skuldir***	14.760	11.358	14.760	11.358

\*Fjárhæðir vegna 2018 hafa verið endurgerðar, sjá nánar í skýringu 5.

\*\*Frjálst fjárflæði samanstendur af handbæru fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt að frádrögnum fjárfestingahreyfingum. Kaup á eignarhlutum er undanskilin þar sem þeir tengjast ekki endurfjárfestingaþörf félagsins

\*\*\*Hreinar vaxtaberandi skuldir á árinu 2019 innhalda leiguskuldbindingar sem eru meðhöndlaðar í samræmi við IF

# Rekstrarreikningur

1. janúar til 30. september 2019

	Skýr	2019 3F	2018 3F	2019 9M	2018 9M
Seldar vörur og þjónusta	9	4.878	5.143	14.876	15.330
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	10	( 3.133)	( 3.112)	( 9.491)	( 9.275)
Framlegð		1.745	2.031	5.385	6.055
Rekstrarkostnaður	11	( 1.559)	( 1.557)	( 5.150)	( 5.188)
Rekstrarhagnaður		186	474	235	867
Fjármunatekjur		42	10	38	38
Fjármagnsgjöld	8	( 337)	( 220)	( 848)	( 573)
Hrein fjármagnsgjöld		( 295)	( 210)	( 810)	( 535)
Áhrif hlutdeildarféлага		16	( 2)	844	( 14)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt		( 93)	262	269	318
Tekjuskattur		22	( 55)	115	( 69)
Hagnaður (tap) tímabilsins af áframhaldandi starfsemi		( 71)	207	384	249
Hagnaður tímabilsins af aflagðri starfsemi		-	19	-	29
Hagnaður (tap) tímabilsins		( 71)	226	384	278
Hagnaður (tap) á hlut af áframhaldandi starfsemi		( 0,25)	0,70	1,30	0,84
Þynntur hagnaður (tap) á hlut af áframhaldandi starfsemi		( 0,25)	0,70	1,30	0,84

## Yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. september 2019

	2019 3F	2018 3F	2019 9M	2018 9M
Hagnaður (tap) tímabilsins	( 71)	226	384	278
Liðir sem gætu síðar verið færðir í rekstrarreikning				
Þýðingarmunur	( 21)	28	( 98)	20
Liðir sem ekki verða síðar færðir í rekstrarreikning				
Áhættuvarnir	8	( 1)	111	28
Heildarafkoma tímabilsins	44	253	397	326

Skýringar á bls. 9-13 eru óaðskiljanlegur hluti ársþlutareiknings félagsins.

# Efnahagsreikningur

30. september 2019

	Skýr.	30.9.2019	31.12.2018*
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir		4.928	4.785
Afnotaréttir	4	3.296	-
Viðskiptavild		10.646	10.646
Aðrar óefnislegar eignir		4.698	4.808
Eignahlutir í félögum		1.269	48
Fastafjármunir samtals		24.837	20.287
Veltufjármunir			
Sýningarréttir	5	1.432	1.545
Birgðir	5, 13	415	364
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		3.251	3.403
Handbært fé		127	356
Veltufjármunir í áframhaldandi starfsemi		5.225	5.668
Eignir flokkaðar til sölu		-	1.056
Veltufjármunir samtals		5.225	6.724
Eignir samtals		30.062	27.011
Eigið fé			
Hlutfé		2.964	2.964
Yfirverðsreikningur hlutafjár		2.465	2.465
Annað eigið fé		50	(1)
Óráðstafað eigið fé		5.432	5.279
Eigið fé		10.911	10.707
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		10.600	10.874
Leiguskuldbindingar	4	3.168	-
Tekjuskattsskuldbinding		25	138
Langtímaskuldir samtals		13.793	11.012
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		689	687
Leiguskuldbindingar	4	430	-
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		4.239	4.167
Skammtímaskuldir í áframhaldandi starfsemi		5.358	4.854
Skuldir sem tengjast eignum sem flokkaðar eru til sölu		-	438
Skammtímaskuldir samtals		5.358	5.292
Skuldir samtals		19.151	16.304
Eigið fé og skuldir samtals		30.062	27.011

\* Endurgert, sjá nánar í skýringu 5.

Skýringar á bls. 9-13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.

# Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 30. september 2019

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutfjár	Þýðingar- munur	Annað eigið fé		Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samts
				Bundinn reikningur	Áhættu- varnir		
1.1. til 30.09.2018							
Eigið fé 1.1.2018	2.964	2.465	64	87	( 169)	4.719	10.131
Hagnaður tímabilsins	-	-	-	-	-	278	278
Þýðingarmunur	-	-	20	-	-	-	20
Áhrif áhættuvarna	-	-	-	-	28	-	28
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	20	0	28	278	326
Eigið fé 30.9.2018	2.964	2.465	84	87	( 141)	4.996	10.457

1.1. til 30.9.2019

Eigið fé 1.1.2019	2.964	2.465	110	-	( 111)	5.279	10.707
IFRS 16, áhrif innleiðingar	-	-	-	-	-	( 193)	( 193)
Leiðrétt eigið fé 1.1. 2019	2.964	2.465	110	0	( 111)	5.086	10.514
Hagnaður tímabilsins	-	-	-	-	-	384	384
Þýðingarmunur	-	-	( 98)	-	-	-	( 98)
Áhrif áhættuvarna	-	-	-	-	111	-	111
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	( 98)	0	111	384	397
Hagnaður hlutdeildarf. umfram arðgr.	-	-	-	38	-	( 38)	0
Eigið fé 30.09.2019	2.964	2.465	12	38	0	5.432	10.911

Skýringar á bls. 9-13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.

# Sjóðstreymisýfirlit

1. janúar til 30. september 2019

	Skýr.	2019 3F	2018 3F*	2019 9M	2018 9M*
Hagnaður (tap) tímabilisins		( 71)	226	384	278
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Afskriftir	5, 12	1.437	1.311	3.865	3.386
Hrein fjármagnsgjöld		295	210	810	535
Áhrif hlutdeildarféлага	6	( 16)	( 17)	( 844)	( 15)
Tekjuskattur		( 22)	55	( 114)	69
Veltufé frá rekstri		1.623	1.785	4.101	4.253
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:					
Birgðir, breyting	5, 13	( 31)	( 61)	( 135)	( 190)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting		96	( 17)	139	( 459)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting		( 145)	( 372)	58	219
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		1.544	1.335	4.163	3.823
Innborgaðar vaxtatekjur		11	10	38	37
Greidd vaxtagjöld		( 320)	( 160)	( 777)	( 529)
Handbært fé frá rekstri		1.235	1.185	3.424	3.331
Fjárfestingahreyfingar					
Kaup og sala eignarhluta í félögum		( 10)	( 8)	( 3)	( 33)
Fjárfesting í rekstrarfjármunum		( 216)	( 390)	( 1.011)	( 1.165)
Fjárfesting í óefnislegum eignum		( 87)	( 84)	( 405)	( 580)
Fjárfesting í sýningarrétti		( 806)	( 702)	( 1.634)	( 2.101)
Fjárfestingahreyfingar		( 1.119)	( 1.184)	( 3.053)	( 3.879)
Fjármögnunarhreyfingar					
Afborganir langtímalána		( 171)	( 140)	( 512)	( 368)
Rekstrarlán		( 85)	95	236	894
Afborgun leiguskuldbindinga		( 111)	-	( 324)	-
Fjármögnunarhreyfingar		( 367)	( 45)	( 600)	526
Breyting á handbæru fé		( 251)	( 44)	( 229)	( 22)
Handbært fé flokkað til sölu		-	( 35)	-	( 35)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		-	( 1)	-	( 1)
Handbært fé í byrjun tímabils		378	351	356	329
Handbært fé í lok tímabilsins		127	271	127	271

\*Endurgert, sjá skýringu 5

Skýringar á bls. 9-13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.



# Skýringar

## 1. Félagið

Sýn hf. ("félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík. Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta - og fjölmiðlunar. Samandreginn árslutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. janúar - 30. september 2019 hefur að geyma árslutareikning félagsins og hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf., sem vísað er til í heild sem „félagið“.

## 2. Reikningsskilin

### a. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árslutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfum sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árslutareikninga skráðra félaga. Árshlutareikningur félagsins 1. janúar til 30. september 2019 hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilareglum og lágu til grundvallar við gerð ársreiknings 2018, að því undanskildu að nýr reikningsskilastaðall um leigusamninga tók gildi 1. janúar 2019 IFRS 16, sjá nánar umfjöllun í skýringu 4 og breytta framsetningu sýningarrétta, sjá nánar umfjöllun í skýringu 5. Árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2018. Hægt er að nálgast ársreikning Sýnar hf. á heimasíðu félagsins [www.syn.is](http://www.syn.is). og á vef Kauphallar Íslands; [www.nasdaqomxnordic.com](http://www.nasdaqomxnordic.com).

Stjórn félagsins staðfesti og heimilaði birtingu árslutareikningsins þann 6. nóvember 2019.

### b. Mat stjórnenda á reikningsskilum

Gerð árslutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

## 3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

## 4. Innleiðing nýrra og endurbættra staðla

Félagið innleiddi í upphafi árs nýjan staðal um leigusamninga (IFRS 16) í reikningsskil sín. Staðallinn setur fram nýjar kröfur um meðferð leigusamninga. Miklar breytingar eru á reikningsskilaaðferðum leigutaka þar sem ekki er lengur greint á milli fjármögnunarleigu og rekstrarleigu, heldur er þess krafist að færð verði upp leiguskuldbinding og afnotaréttur til eignar vegna allra leigusamninga. Aðeins eru gerðar undantekningar fyrir skammtímaleigu (til skemmri tíma en 12 mánaða) og fyrir leigueignir með lágt virði. Áhrifum af innleiðingu IFRS 16 á árslutareikninginn er lýst hér að neðan.

Félagið beitir afturvirkri innleiðingu að hluta við innleiðingu staðalsins, þannig að samanburðartölur eru ekki endurgerðar heldur eru uppsöfnuð áhrif innleiðingarinnar færð á eigið fé á innleiðingardegi. Félagið nýtir sér undanþágu staðalsins frá endurflokkun samninga sem hafa áður verið skilgreindir sem leigusamningar samkvæmt IAS 17 og IFRC 4 fyrir innleiðingardegi. Kröfum IFRS 16 er þannig við innleiðingu beitt á leigusamninga sem voru flokkaðir sem slíkir á innleiðingardegi.

Með innleiðingu IFRS 16 þá breytist meðferð þeirra gjalda sem tengjast rekstrarleigusamningum þar sem félagið færir nú afskriftir af afnotarétti og vaxtagjöld af leiguskuld, en hafði áður gjaldfært leigugreiðslur á meðal rekstrargjalda línulega yfir líftíma samninganna. Áhrif þessara breytinga leiða til þess að afkoma fyrstu 9 mánuða ársins 2019 er 30 millj. kr. lægri en afkoman hefði verið undir fyrri staðli (IAS 17). Áhrif á einstaka liði rekstrarreiknings eru eftirfarandi: Hækkun afskrifta um 360 millj. kr., hækkun fjármagnsliða um 141 millj. kr. og lækkun rekstrargjalda um 471 millj. kr.

## Skýringar, frh.:

### 4. Innleiðing nýrra og endurbættra staðla frh.:

Hagnaður á hlut á fyrstu 9 mánuðum ársins var 1,3 kr. og þynntur hagnaður á hlut 1,3. Hagnaður á hlut hefði verið 1,2 og þynntur hagnaður á hlut 1,2 undir eldri staðli.

Á innleiðingardeggi 1. janúar 2019 færði félagið leiguskuldbindingu að fjárhæð 3.801 milljónir, afnotarétt að fjárhæð 3.511 millj. kr., leigukröfu að fjárhæð 97 millj. kr. í efnhagsreikning og færsla á eigið fé því 193 millj. kr.

Samkvæmt IAS 17 voru allar greiðslur vegna rekstrarleigu sýndar meðal rekstrarhreyfinga í sjóðstreymi. Áhrif innleiðingar IFRS 16 á sjóðstreymi eru hækkun handbærs fjár frá rekstri um 324 millj. kr. og lækkun á handbæru fé vegna fjármögnunarhreyfinga um sömu upphæð.

### 5. Breytt framsetning sýningarrétta

Í ársbyrjun var reikningshaldslegri meðhöndlun á sýningarrétti sjónvarpsefnis breytt. Sýningarréttir voru áður meðhöndlaðir sem birgðir en er frá og með 1. janúar 2019 meðhöndlaðir sem óefnislegar eignir. Gjaldfærsla sýningarréttar er því færð frá og með 1.1.2019 meðal afskrifta. Fjárhæðum vegna 2018 hefur því verið breytt til samræmis. Sjá nánar í skýringum hér að neðan:

Breyting á birgðum greinast þannig:	31.12.2018	Breyting	Endurgert 31.12.2018
Birgðir	1.909	( 1.545)	364

Breyting á afskriftum greinast þannig:	30.9.2018	Breyting	Endurgert 30.9.2018
Afskriftir	1.460	1.926	3.386

Breyting á afskriftum greinast þannig:	2018 3F	Breyting	Endurgert 2018 3F
Afskriftir	497	814	1.311

### 6. Sala á meirihluta hlutafjár í P/F Hey

Meirihluti hlutafjár í P/F Hey var seldur í upphafi árs 2019. Hlutur Sýnar hf. (49,9%) í nýju sameinuðu félagi er færður samkvæmt hlutdeildaraðferð frá 1. janúar 2019. Hagnaður vegna sölunnar að fjárhæð 817 millj. kr. var færður á 1F 2019.

### 7. Starfsþáttayfirlit

Félagið skilgreinir starfsþætti eftir innri upplýsingagjöf til stjórnenda og samkvæmt því telst félagið í heild vera einn starfsþáttur.

### 8. Meðferð vaxtaskiptasamnings

Vaxtaskiptasamningur sem félagið gerði á árinu 2016 til varnar sjóðstreymisáhættu á langtímalánum sínum var gerður upp á ársfjórðungnum. Vegna þessa uppgjors voru gjaldfærðar 120 millj. kr. í rekstrarreikning meðal vaxtagjalda. Sjóðstreymisáhrif uppgjorsins voru 98 millj. kr.

# Skýringar, frh.:

## 9. Seldar vörur og þjónusta

	2019	2018	2019	2018
	3F	3F	9M	9M
Seldar vörur og þjónusta greinast þannig:				
Vörusala	255	257	780	796
Seld þjónusta	4.623	4.886	14.096	14.533
Seldar vörur og þjónusta samtals	4.878	5.143	14.876	15.330

### Tekjustraumar

Félagið skiptist í sex tekjustrauma sem eru mismunandi í eðli sínu. Tekjustraumarnir eru:

Fjölmiðlun samanstendur af tekjum af starfsemi ljósvakamiðla, áskriftartekjum og tekjum af auglýsingasölu, tekjum af dreifingu á báðum sjónvarpsdreifikerfum félagsins, leigutekjum af myndlyklum og tekjum af leigu einstakra kvikmynda og þátta (TVOD), tekjum af áskriftaveitu félagsins. (SVOD), tekjum af áskriftum af línulegum stöðvum og tekjum af sölu einstakra sjónvarpsviðburða.

Internet samanstendur af tekjum af netþjónustu í fastlínukerfum, þ.m.t. á ljósleiðara, xDSL þjónustu og öðrum gagnatengingum, internetþjónustu, aðgangsgjöldum og leigu á netbeinum.

Farsími samanstendur af öllum tekjum vegna notkunar á farsímum, þ.m.t. gagnaflutningum í farsímakerfinu, áskriftartekjum frá einstaklingum og fyrirtækjum, seldum frelsisinnæignum, reikitekjum frá ferðamönnum og samtengitekjum farsíma.

Fastlína samanstendur af tekjum vegna notkunar á heimasíma, fyrirtækjasíma í fastlínu og samtengitekjum af fastlínu.

Vörusala samanstendur af sölu á búnaði og fylgihlutum.

Aðrar tekjur samanstanda af þjónustutekjum, tekjum af hugbúnaði, útseldri vinnu og þjónustu og öðrum tilfallandi tekjum.

Tekjustraumar	Fjöl-				Aðrar		Samtals
	miðlun	Internet	Farsími	Fastlína	Vörusala	tekjur	
1.1. til 30.09.2019							
Tekjur félagsins	6.288	3.629	2.877	687	780	615	14.876
Tekjur samtals	6.288	3.629	2.877	687	780	615	14.876

Tekjustraumar	Fjöl-				Aðrar		Samtals
	miðlun	Internet	Farsími	Fastlína	Vörusala	tekjur	
1.1. til 30.09.2018							
Tekjur félagsins	6.518	3.666	2.935	850	796	565	15.330
Tekjur samtals	6.518	3.666	2.935	850	796	565	15.330

## Skýringar, frh.:

### 10. Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu

Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu greinist þannig:	2019 3F	2018 3F*	2019 9M	2018 9M*
Kostnaðarverð seldrar vöru og þjónustu	1.531	1.584	4.994	5.129
Laun og launatengd gjöld	495	480	1.628	1.523
Afskriftir	1.107	1.049	2.870	2.624
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu samtals	3.133	3.112	9.491	9.275

\*Fjárhæðir vegna 2018 hafa verið endurgerðar vegna breytinga á meðhöndlun sýningarétta, sjá nánar í skýringu 5.

### 11. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:	2019 3F	2018 3F	2019 9M	2018 9M
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	299	330	911	1.218
Sölu- og markaðskostnaður	136	142	379	423
Laun og launatengd gjöld	794	822	2.865	2.786
Afskriftir	330	262	995	762
Rekstrarkostnaður samtals	1.559	1.557	5.150	5.188

### 12. Afskriftir

Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:	2019 3F	2018 3F*	2019 9M	2018 9M*
Afskriftir rekstrarfjármuna	315	291	937	853
Afskriftir óefnislegra eigna	207	205	621	607
Afskriftir afnotaréttar	118	-	360	-
Afskriftir sýningarréttar	797	814	1.947	1.926
Afskriftir samtals	1.437	1.311	3.865	3.386

\*Fjárhæðir vegna 2018 hafa verið endurgerðar vegna breytinga á meðhöndlun sýningarétta, sjá nánar í skýringu 5.

### 13. Birgðir

Birgðir greinast þannig:	30.9.2019	31.12.2018*
Vörur til endursölu	346	231
Rekstrarvörubirgðir	69	133
Birgðir samtals	415	364

\*Fjárhæðir vegna 2018 hafa verið endurgerðar vegna breytinga á meðhöndlun sýningarétta, sjá nánar í skýringu 5.

# Skýringar, frh.:

## 14. Önnur mál

Félagið á í málarekstri við félög og eftirlitsstofnanir á íslenskum fjarskipta- og fjölmiðlamarkaði. Félagið færir skuldbindingar vegna málarekstur þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Vegna óvissu um framtíðarþróun málarekstrar, niðurstöður dómsmála, úrskurði, áfrýjanir og sættir í málum geta niðurstöður mála leitt til viðbótar skuldbindinga og kostnaðar fyrir félagið. Hér á eftir má sjá helstu breytingar í málarekstri frá áramótum 2018.

### Sýn hf. gegn Símanum hf. og gagnsök

Félagið stefndi Símanum hf. til greiðslu skaðabóta vegna ólögmeðs verðþrýstings og nam stefnufjárhæð í málinu ríflega 900 millj. kr. Síminn hf. gagnstefndi félaginu og nam stefnufjárhæð Símans hf. tæplega 2.500 millj. kr. Héraðsdómur gekk á síðasta ári þar sem stefndi og gagnstefndi voru sýknaðir af kröfum hvors annars. Héraðsdómur taldi að ekki hafi tekist að færa sönnur á tjón. Í því skyni að færa sönnur á tjón félagsins hefur félagið áfrýjað málinu til Landsréttar, með áfrýjunarstefnu útgefinni þann 21. desember 2018. Er þess krafist að allar kröfur félagsins verði teknar til greina. Til vara er þess krafist að dæmdar verði bætur að álitum. Síminn hefur gagnáfrýjað og krefst að nýju tæplega 2.500 millj.kr.úr hendi félagsins.

Aðalmeðferð fór fram í Landsrétti þann 1. nóvember sl. og má vænta dómsniðurstöðu á síðasta ársfjórðungi 2019.

### Síminn hf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun, Sýn hf., Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. og Mílu ehf., og gagnsök.

Síminn hf. hefur stefnt Póst- og fjarskiptastofnun, félaginu, Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. og Mílu ehf., til ógildingar ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 10/2018. Í þeirri ákvörðun var því slegið föstu að Síminn hf. hefði gerst brotlegur við 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga og honum gert að greiða 9. millj. kr. í stjórnvaldssekt. Var málið þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 9. október 2018. Félagið gaf út gagnstefnu, sem þingfest var í Héraðsdómi Reykjavíkur 4. desember 2018 og krafðist skaðabóta. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur þann 15. maí 2019 var gagnkröfu Sýnar hf. vísað frá af réttarfarsástæðum.

Sýn hefur stefnt Símanum á nýjan leik og nemur stefnufjárhæð kr. 1.141. millj. Kr., auk dráttarvaxta. Búið er að dómkveðja matsmenn og er beðið niðurstöðu þeirra.

### Síminn hf. gegn Sýn hf.

Síminn hf. hefur stefnt félaginu til greiðslu skaðabóta vegna tjóns sem Síminn hf. telur sig hafa orðið vegna meintrar ólögmeðrar hagnýtingar félagsins á sjónvarpsefni Símans hf. frá 1. október 2015 til 16. desember 2015. Síminn hf. krafðist skaðabóta að fjárhæð kr. 555. millj. kr. og miskabætur að fjárhæð kr. 10. millj. kr. auk vaxta og dráttarvaxta. Þá var gerð krafa um greiðslu málskostnaðar.

Á þessum tímamarki getur félagið ekki metið framtíðar skuldbindingar sem leiða af niðurstöðum ofangreindra dómsmála meðal annars vegna þess að það getur tekið langan tíma að fá niðurstöðu í mál, ásamt því að mál geta þróast í ólíkar áttir. Vegna þess hefur engin skuldbinding vegna ofangreindra verið færð í árshlutareikning félagsins. Að öðru leyti ætti að lesa önnur mál í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2018.